

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

VERÐBRÉFASJÓÐIR ÍSLANDSSJÓÐA

Útboðslýsing

IS Ríkisskuldabréf meðallöng

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn

IS Ríkisskuldabréf löng

IS Heimssafn

Desember 2018

EFNISYFIRLIT

Tilkynning til fjárfesta	5
Upplýsingar um verðbréfasjóð	6
Heiti, stofndagur, deildaskipting	6
Markmið og fjárfestingarstefna sjóðsdeilda	6
Reglulegar upplýsingar og skýrslur	6
Skattareglur	6
Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings	7
Einkenni hlutdeildarskírteina, eðli réttinda	7
Samruni og slit	7
Ráðstöfun tekna	7
Innlausnarskylda, heimild til frestunar innlausnar	7
Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina	8
Reglur um mat eigna	8
Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini	8
Þóknunir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina	9
Umsjónarlaun til rekstrarfélags, þóknun vörslufyrirtækis og annar kostnaður	9
Íslandssjóðir hf.	10
Útvistuð verkefni	10
Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.	11
Endurskoðendur Íslandssjóða hf. og Verðbréfasjóða Íslandssjóða	11
Vörslufyrirtæki	11
Fjárfestingarheimildir Verðbréfasjóða Íslandssjóða	11
Áhætta tengd fjárfestingu í verðbréfasjóðum	12
Ýmsar upplýsingar	12
Sjóðsdeildir Verðbréfasjóða Íslandssjóða	13
Markmið, fjárfestingarstefna, eignasamsetning, árangur, áhættuþættir o.fl.	13
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	13
Markmið og fjárfestingarstefna	13
Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu	13
Traust verðbréf	13
Áætlaður líftími	13
Aðferðarfræði	14
Árangur	14
IS Ríkisskuldabréf meðallöng - Ávöxtun	14
IS Ríkisskuldabréf meðallöng - Ársávöxtun síðustu 5 ára	14
Fyrir hvern er sjóðurinn?	14
Fjárfesting í afleiðum	15
Áhættustig sjóðsins	15
Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum	15
Ýmsar upplýsingar	16

Ýmsar upplýsingar.....	16
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn.....	17
Markmið og fjárfestingarstefna	17
Aðferðarfræði	17
Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu.....	17
Árangur.....	17
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn - Ávöxtun	17
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn - Ársávöxtun síðustu 5 ára	18
Fyrir hvern er sjóðurinn?.....	18
Fjárfesting í afleiðum	18
Áhættustig sjóðsins	18
Áhættupættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum.....	19
Ýmsar upplýsingar.....	19
IS Ríkisskuldabréf löng	20
Markmið og fjárfestingarstefna	20
Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu.....	20
Traust verðbréf	20
Áætlaður líftími	20
Aðferðarfræði	20
Fyrri árangur sjóðsins.....	20
IS Ríkisskuldabréf löng - Ávöxtun.....	21
IS Ríkisskuldabréf löng - Ársávöxtun síðustu 5 ára	21
Fyrir hvern er sjóðurinn?.....	21
Fjárfesting í afleiðum	21
Áhættustig sjóðsins	22
Áhættupættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum.....	22
Ýmsar upplýsingar.....	23
IS Heimssafn.....	24
Markmið og fjárfestingarstefna	24
Aðferðarfræði	24
Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu.....	24
Árangur.....	24
IS Heimssafn - Ávöxtun	25
IS Heimssafn - Ársávöxtun síðustu 5 ára	25
Munurinn á Verðbréfasjóðum UCITS og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu Non-UCITS	25
Fyrir hvern er sjóðurinn?.....	26
Fjárfesting í afleiðum	26
Áhættustig sjóðsins	26
Áhættupættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum.....	26
Ýmsar upplýsingar.....	27
Reglur fyrir Verðbréfasjóði Íslandssjóða	28
I. kafli - Heiti, tegund, deildaskipting og hlutverk	28
II. kafli: Markmið og fjárfestingarstefna	28
III. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn	32

IV. kafli: Vörslufyrirtæki, rekstrarfélag, umsjónarlaun og markaðssetning.....	33
V. kafli: Samruni, slit, breyting á reglum.....	34
VI. kafli: Upplýsingar	35
Útdráttur úr lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði	36
II. kafli F: Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða.....	36

TILKYNNING TIL FJÁRFESTA

Fjárfesting í hlutdeildarskírteinum sjóðsdeilda **Verðbréfasjóða Íslandssjóða** er á ábyrgð hvers fjárfestis fyrir sig. Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér efni útboðslýsingarinnar af kostgæfni, sem og fylgiskjöl hennar. Fjárfestar verða fyrst og fremst að treysta eigin dómgreind vegna fjárfestinga í hlutdeildarskírteinum sjóðsdeilda með tilliti til væntinga um ávöxtun, eigin aðstæður, ytri aðstæður og áhættu sem í fjárfestingunni felst. Minnt er á að kaup á hlutdeildarskírteinum eru í eðli sínu áhættufjárfesting sem byggir á væntingum en ekki loforðum. Fjárfestum er því sérstaklega bent á að kynna sér vel umfjöllun um áhættu sem er að finna á blaðsíðu 12 í útboðslýsingunni og í umfjöllun um sjóðsdeildir.

Útboðslýsinguna skal á engan hátt skoða sem loforð til fjárfesta um árangur í rekstri eða um ávöxtun fjármuna af hálfu Íslandssjóða hf. eða annarra. Árangur í fortíð gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarárangur.


Fjárfestum er bent á að hægt er að leita ráðgjafar sérfræðinga, svo sem hjá bönkum og verðbréfafyrirtækjum, við mat á hlutdeildarskírteinum sjóðsdeilda Verðbréfasjóða Íslandssjóða sem fjárfestingarkostum.

Fjárfestum er bent á að kynna sér lagalega stöðu sína, þar á meðal skattaleg atriði sem kunna að eiga við um viðskipti þeirra með hlutdeildarskírteini Verðbréfasjóða Íslandssjóða.

Útboðslýsing þessi er unnin í samræmi við lög nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði og reglugerð nr. 1166/2013 um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf og er uppfærð einu sinni á ári eða oftar, til dæmis ef breyting verður á reglum sjóðsdeilda.


Stjórn og framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf., kt. 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, lýsa því hér með yfir að útboðslýsing þessi er eftir bestu vitund rétt og í fullu samræmi við staðreyndir og að í hana vanti engin mikilvæg atriði er áhrif geti haft á mat á Verðbréfasjóðum Íslandssjóða, einstökum sjóðsdeildum eða hlutdeildarskírteinum þeirra.

Kópavogi, 6. desember 2018



Kjartan Smári Höskuldsson, framkvæmdastjóri


Stjórn Íslandssjóða hf.




Jensína Kristín Böðvarsdóttir



Kristján Björgvinsson



Sigurður B. Stefánsson



Tanya Zharov

UPPLÝSINGAR UM VERÐBRÉFASJÓÐ

Heiti, stofndagur, deildaskipting

Sjóðurinn heitir **Verðbréfasjóðir Íslandssjóða** og var stofnaður í júlí 2003.

Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðsins. Íslandssjóðir hf. var upprunalega stofnað árið 1994 (Rekstrarfélag VÍB hf.), vegna rekstrar á Verðbréfasjóðum Íslandsbanka hf. Nafni félagsins var breytt í Glitnir sjóðir í apríl 2006 og í Íslandssjóði 8. apríl 2009.

Verðbréfasjóðir Íslandssjóða starfa í sex aðgreindum sjóðsdeildum (hér eftir er einnig vísað til einstakra sjóðsdeilda sem sjóði), sem heita:

IS Ríkisskuldabréf meðallöng, kt. 540489-5569

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn, kt. 540489-5809

IS Ríkisskuldabréf löng, kt. 540489-6459

IS Heimssafn, kt. 510699-9049

Sjóður 1 – Skuldabréf, kt. 540489-5059

Sjóður 11 – Löng skuldabréf, kt. 540489-6379

Stjórn Íslandssjóða hefur tekið ákvörðun um að slíta Sjóði 1 – Skuldabréf og Sjóði 11 – Löng skuldabréf og eru þeir sjóðir þar af leiðandi lokaðir fyrir fjárfestingum og er ekki fjallað um þá í útboðslýsingu þessari.

Markmið og fjárfestingarstefna sjóðsdeilda

Lýsingu á markmiðum og fjárfestingarstefnum sjóðsdeilda er að finna á blaðsíðum 13 til 27.

Reglulegar upplýsingar og skýrslur

Útboðslýsingin, lykilupplýsingar, ársreikningar og árshlutareikningar eru aðgengileg á vef Íslandssjóða, www.islandssjodir.is, og liggja jafnframt frammi á skrifstofu Íslandssjóða hf., Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Reglur Verðbréfasjóða Íslandssjóða er að finna í þessari útboðslýsingu.

Skattareglur

Um skattlagningu hagnaðar af hlutdeildarskírteinum gilda lög um tekjuskatt nr. 90/2003, lög um fjármagnstekjuskatt nr. 94/1996 ásamt lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda nr. 45/1987. Íslandsbanki, vörsluaðili Íslandssjóða, sér um að standa skil á fjármagnstekjuskatti skv. 3. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur. Hann reiknast þegar hlutdeildarskírteini eru seld með hagnaði eða þegar tekjur eru greiddar af hlutdeildarskírteinum. Frekari skattlagning getur þó komið til. Vakin skal athygli á því að skattameðferðin ræðst af aðstæðum hvers viðskiptavinar fyrir sig og getur tekið breytingum í framtíðinni. Um erlenda aðila gilda reglur þess ríkis sem viðkomandi hefur skattalegt heimilisfesti í. Fjárfestum er ráðlagt að leita sér ráðgjafar og/eða upplýsinga um skattaleg áhrif þess að fjárfesta í sjóðnum.

Birtingartími ársreiknings og árshlutareiknings

Upplýsingar um sjóðsdeildir Verðbréfasjóða Íslandssjóða birtast í ársreikningi og árshlutareikningi Íslandssjóða hf. Reikningsár Verðbréfasjóða Íslandssjóða er almanaksárið og skal ársreikningur birtur fyrir lok apríl hvert ár og árshlutareikningur fyrir lok ágúst.

Einkenni hlutdeildarskírteina, eðli réttinda

Allir sem eiga hlutdeild í sjóðsdeild eiga jafnan rétt til tekna og eigna hennar í hlutfalli við hlutdeild sína. Eignir sjóðsdeildar skiptast m.v. fjölda útgefina eininga. Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðsdeild í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því. En óski eigandi ekki eftir útgáfu hlutdeildarskírteina fær hann í hendur skriflega kvittun fyrir eignarhlutdeild sinni í viðkomandi sjóðsdeild þar sem fram kemur kaupverð í krónum, fjöldi hluta í viðkomandi sjóðsdeild og gengi á keyptum hlutum. Hlutdeildarskírteinin eru staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar deildanna sbr. 23. gr. laga nr. 128/2011. Einingum í sjóðsdeild fylgir ekki atkvæðisréttur. Verðgildi einnar einingar í sjóðsdeild var 1.000 kr. við stofnun viðkomandi sjóðsdeildar, verðgildi einnar einingar breytist síðan í takt við ávöxtun.

Samruni og slit

Starfsemi sjóðsins verður ekki hætt, deildum lokað, nýjum deildum bætt við sjóðinn eða deild sameinuð annarri sjóðsdeild nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og staðfesting Fjármálaeftirlitsins á breytingum á reglum sem leiða af sameiningu, fjölgun deilda eða lokun. Forsendur fyrir sameiningu eða lokun sjóðsdeilda gætu t.d. verið þær að sjóðsdeild sé of lítil þannig að óhagkvæmt sé að reka hana eða að hagsmunum eigenda sé betur borgið ef sjóðsdeild sé lokað eða sameinuð annarri.

Við lokun sjóðsdeildar skulu hlutdeildarskírteini sjóðsins innkölluð með opinberri innköllun og eigendum hlutdeildarskírteina tilkynnt um lokun hans. Skulu hlutdeildarskírteinin innleyst jafnskjótt og eignum deildarinnar hefur verið komið í verð. Skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá innlausn sína greidda út í samræmi við í hlutfallslega eign þeirra í sjóðsdeildinni.

Við sameiningu sjóðsdeildar við aðra sjóðsdeild skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá einingar í sameinaðri sjóðsdeild í hlutfalli við eign sína og eigendum tilkynnt um sameininguna. Eigendur hlutdeildarskírteina skulu þó hafa a.m.k. 30 daga frá því að slík tilkynning hefur verið send, til að innleysa hlutdeildarskírteini sín samkvæmt reglum viðkomandi sjóðsdeildar, áður en hlutdeildarskírteini í sameinaðri sjóðsdeild eru gefin út.

Ráðstöfun tekna

Allar deildir Verðbréfasjóða Íslandssjóða eru vaxtarsjóðir, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól. Ekki er greiddur arður af eignarhlutdeild í sjóðsdeildum Verðbréfasjóða Íslandssjóða.

Innlausnarskylda, heimild til frestunar innlausnar

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu kaupgengi í sjóðsdeildinni. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í deildinni, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsdeildar er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóðsdeild staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að

mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og auglýst opinberlega.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina

Innlausnarvirði (kaupgengi) eininga sjóðsdeildar er markaðsvirði samanlagðra eigna deildarinnar að frádregnum skuldum, svo sem við innlánsstofnanir, ógreiddum innheimtu- og umsjónarkostnaði og reiknuðum áföllnum opinberum gjöldum. Markaðsvirði eigna sem eftir standa skal þá skipt m.v. fjölda hlutdeildarskírteina sbr. 5. grein reglna Verðbréfasjóða Íslandssjóða. Frá eignum sjóðsdeildarinnar skal þá draga umsjónarlaun og í mismun sem þannig fæst er deilt með fjölda útgefina og óinnleysta eininga í viðkomandi sjóðsdeild til þess að finna innlausnarvirði hvernar einingar.

Innlausnarvirði hlutdeildarskírteina sjóðsdeilda er reiknað daglega á virkum dögum. Innlausnarvirði og sölugengi birtast á vef Íslandsbanka, www.islandsbanki.is og einnig á vef Íslandssjóða, www.islandssjodir.is.

Reglur um mat eigna

Mat á eignum sjóðsdeilda fer eftir reglugerð um um fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða, innlausn, markaðssetningu erlendra sjóða og upplýsingagjöf nr. 1166/2013. Eignir deilda Verðbréfasjóða Íslandssjóða skulu á hverjum tíma endurspeglja raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

Tilhögun viðskipta með hlutdeildarskírteini

Hlutdeildarskírteini sjóðsdeildarinnar er hægt að kaupa og hjá Íslandsbanka sem er staðsettur í Hagasmára 3, 201 Kópavogi eða í útibúum Íslandsbanka hf. á almennum opnunartíma, frá klukkan 9 til 16 virka daga. Einnig er hægt að eiga viðskipti og leggja fram pantanir í Netbanka Íslandsbanka á www.isb.is. Hlutdeildarskírteini eru einungis seld gegn staðgreiðslu kaupverðs.

Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 15:00 eru afgreiddar að tveimur virkum dögum liðnum í IS Ríkisskuldabréf meðallöng, IS Úrvalsvísitölusjóðnum og IS Ríkisskuldabréf löng, þ.e. (T+2). Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta í þessum sjóðum afgreiðast að þremur virkum dögum liðnum.

Pantanir sem berast fyrir viðmiðunartíma viðskipta kl. 15:00 eru afgreiddar þriðja virka dag í IS Heimssafni, þ.e. (T+3). Pantanir sem berast eftir viðmiðunartíma viðskipta í IS Heimssafni afgreiðast að fjórum virkum dögum liðnum.

Við kaup á hlutum í sjóðsdeild Verðbréfasjóða Íslandssjóða er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrir en deginum eftir að kaupin áttu sér stað. Sama á við þegar selt er í sjóðsdeild.

Póknanir við kaup og sölu hlutdeildarskírteina

Póknun vegna viðskipta með hlutdeildarskírteini hjá Íslandsbanka fer eftir vaxta- og verðskrá verðbréfabjónustu Íslandsbanka hverju sinni og er mismunandi milli sjóðsdeilda. Póknun annarra söluaðila fer eftir verðskrá þeirra hverju sinni. Við kaup á hlutdeildarskírteinum greiðist upphafsgjald. Upplýsingar um hámarks hlutfall upphafsgjalds er í töflu 1 hér að neðan og rennur það að fullu til söluaðila sjóðsins.

Tafla 1:	Hámarks upphafsgjald:
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	1,0%
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	1,0%
IS Ríkisskuldabréf löng	1,0%
IS Heimssafn	2,0%

. Sjóðsdeildirnar greiða ekkert upphafsgjald vegna viðskipta með aðra sjóði í rekstri Íslandssjóða.

Umsjónarlaun til rekstrarfélags, póknun vörslufyrirtækis og annar kostnaður

Fyrir rekstur sjóðsdeilda Verðbréfasjóða Íslandssjóða greiða sjóðsdeildir Íslandssjóðum hf. umsjónarlaun sem eru ákveðið hlutfall af eignum, en mismunandi eftir deildum. Í rekstri sjóðsdeilda felast m.a. fjárfestingar í samræmi við fjárfestingarstefnu og umsýsla, þ.e. útreikningur á innlausnarvirði, eftirlit, viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina, reikningshald, þjónusta við eigendur o.fl. Hlutfall umsjónarlauna miðast við heilt ár, en umsjónarlaun eru reiknuð daglega af meðalstöðu eigna inn í gengi sjóðsdeilda. Umsjónarlaun sjóðsdeilda má sjá í [töflu 2](#). Umsjónarlaun eru innheimt mánaðarlega.

Tafla 2:	Umsjónarlaun:
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	0,9%
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	0,4%
IS Ríkisskuldabréf löng	0,9%
IS Heimssafn ¹	1,5%

Verði árangur við ávöxtun IS Heimssafns umfram viðmiðunarvísitölu reiknast 10% af þeim árangri sem árangurstengd umsjónarlaun að teknu tilliti til stærðar sjóðsdeildar í hverjum mánuði, en þó geta heildarumsjónarlaun aldrei orðið hærri 2,5%. Tilgangur árangurstengdra umsjónarlauna er að búa til hvata að því að ná hærri ávöxtun en viðmiðunarvísitala viðkomandi sjóðs og auka þannig hag eigenda hlutdeildarskírteina. Viðmiðunarvísitölur sjóðsins eru tilgreindar í reglum Verðbréfasjóða Íslandssjóða og í útboðslýsingu þessari og eru reiknaðar af óháðum aðilum.

Beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar Verðbréfasjóða Íslandssjóða er ekki innifalinn í umsjónarlaunum, né heldur gjald vegna Fjármálaeftirlitsins (FME). Íslandssjóðir hf. geta krafist sjóðsdeildir um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna, fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, endurskoðunar, lögfræðikostnaðar, kostnaðar við prentun útboðslýsinga, ársreikninga o.fl.

¹ Umsjónarlaun undirliggjandi sjóða sem IS Heimssafn fjárfestir í skulu að hámarki vera 1,5% á ári. Vegið meðaltal umsjónarlauna undirliggjandi sjóða námu 1,41% í nóvember 2018.

Íslandssjóðir hf. hafa, í samræmi við ákvæði 18. gr. laga nr. 128/2011, samið við Íslandsbanka hf. um sölu og þjónustu við viðskiptavini. Fyrir þjónustu Íslandsbanka greiða Íslandssjóðir hf. þóknun.

Íslandssjóðir hf. hafa, í samræmi við ákvæði C-liðs II. kafla laga nr. 128/2011 samið við Íslandsbanka hf. um að vera vörslufyrirtæki Verðbréfasjóða Íslandssjóða. Hlutverk vörslufyrirtækis er m.a. að varðveita fjármálagerninga sjóðsdeilda og sinna eftirliti. Fyrir vörslu eigna sjóðsins skal sjóðurinn greiða þóknun til vörslufyrirtækis skv. vaxta- og verðskrá verðbréfabjónustu Íslandsbanka en sjóðurinn hefur samið um 25% afslátt af innlendra verðbréfaeign og er þóknunin við útgáfu þessarar lýsingar 0,03375%. Vörsluþóknun er reiknuð daglega inn í gengi sjóðsins. Ekki er tekin vörsluþóknun af innlánnum eða lausu fé sjóðsdeilda.

ÍSLANDSSJÓÐIR HF.

Íslandssjóðir hf., kennitala 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er fjármálafyrirtæki með starfsleyfi sem rekstrarfélag Verðbréfasjóða Íslandssjóða samkvæmt 7. tölul. 1.mgr. 4. gr. laga nr. 161/2002 sbr. B-lið II. kafla laga nr. 128/2011. Félagið er jafnframt með starfsleyfi fyrir eignastýringu og fjárfestingarráðgjöf.

Íslandssjóðir hf., var upprunalega stofnað árið 1994 (Rekstrarfélag VÍB hf.), vegna rekstrar á Verðbréfasjóðum Íslandsbanka hf. Félagið sér um daglegan rekstur Verðbréfasjóða Íslandssjóða, sbr. 17. og 18. grein laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði, auk þess sér það um daglegan rekstur IS Lausafjár safn, IS Veltusafn, IS Ríkissafn – ríkisskuldabréf og innlán, IS Skuldabréfasafn, IS Ríkisskuldabréf óverðtryggt, IS Sértryggt skuldabréf, IS Sértryggt skuldabréf VTR, IS Græn skuldabréf, IS Hlutabréfasjóður, IS EQUUS Hlutabréf, IS Eignasafn, IS Eignasafn – Ríki og sjóðir og IS Einkasöfn. Hlutfé félagsins er 25 milljónir króna og hefur það allt verið greitt.

Útvistuð verkefni

Á grundvelli 18. gr. laga um verðbréfasjóði nr. 128/2011 hafa Íslandssjóðir hf. gert samkomulag við Íslandsbanka hf. um að sjá um hluta af daglegum rekstri, en nánar tiltekið er um að ræða verkefni skv. a., b., c., d., e., f., g., h., og i. lið 2. tölul. 17. gr. og markaðssetningu skv. 4. tölul. 17. gr. laganna. Íslandsbanki hf. mun sjá um markaðssetningu, útgáfu og innlausn hlutdeildarskírteina og aðra þjónustu við viðskiptavini. Rekstrar- og upplýsingatæknisvið Íslandsbanka mun sjá um útreikning á innlausnarvirði og mat á verðmæti verðbréfa og annarra eigna, viðhalda skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina og uppgjör viðskipta.

Rekstrar- og upplýsingatæknisvið Íslandsbanka sér um að senda mánaðarlegar skýrslur til Fjármálaeftirlitsins í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru vegna þeirra sjóða sem um ræðir. Aðrar skýrslugjafir til opinberra aðila vegna Verðbréfasjóða Íslandssjóða er jafnframt í höndum Rekstrar- og upplýsingatæknisviðs Íslandsbanka ef efnið varðar þá þætti sem Íslandsbanki hf. hefur tekið að sér samkvæmt samningi við Íslandssjóði hf. Einnig sér Rekstrar- og upplýsingatæknisvið Íslandsbanka um að greiða umsjónarlaun og vörsluþóknun fyrir Verðbréfasjóði Íslandssjóða. Þá hefur félagið gert samninga við Íslandsbanka um útvistun regluvörslu og innri endurskoðunar.

Þrátt fyrir að Íslandssjóðir hf. feli Íslandsbanka hf. hluta af verkefnum sínum skv. 17. gr. laga nr. 128/2011 hefur það engin áhrif á ábyrgð Íslandssjóða hf. gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina í Verðbréfasjóðum Íslandssjóða. Íslandssjóðir hf. bera fulla ábyrgð á úrlausn og framkvæmd verkefna Íslandsbanka hf. gagnvart eigendum hlutdeildarskírteina í Verðbréfasjóðum Íslandssjóða.

Forsvarsmenn Íslandssjóða hf.

- Stjórnarmenn: Jensína Kristín Böðvarsdóttir, kt. 190369-4049, BA í auglýsingafræði, MBA.
Kristján Björgvinsson, kt. 090664-3019, viðskiptafræðingur, M.Sc., löggiltur endurskoðandi.
Sigurður B. Stefánsson, kt. 250247-4949, Ph.D. í hagfræði.
Tanya Zharov, kt. 080966-4749, lögfræðingur.
- Varamenn: Jón Eðvald Malmquist, kt. 071074-4639, lögmaður.
Hólmfríður Einarsdóttir, kt. 030972-2959, B.Sc. Business and International Marketing.
- Framkvæmdastjóri: Kjartan Smári Höskuldsson, kt. 220380-4169, BA í sálfræði, MA í alþjóðaviðskiptum.

Endurskoðendur Íslandssjóða hf. og Verðbréfasjóða Íslandssjóða

Endurskoðendur félagsins eru Ernst & Young ehf., kt. 520902-2010, Borgartúni 30, 105 Reykjavík.

VÖRSLUFYRIRTÆKI

Samkvæmt 20. gr. laga nr. 128/2011 skal umsjá og varðveisla fjármálagerninga fjárfestingarsjóðs falin vörslufyrirtæki sem hlotið hefur viðurkenningu Fjármálaeftirlitsins. Samkvæmt 21. gr. laganna geta meðal annars viðskiptabankar, sparisjóðir, lánaþyrirtæki og verðbréfaþyrirtæki hlotið viðurkenningu sem vörslufyrirtæki. Vörslufyrirtæki Verðbréfasjóða Íslandssjóða er Íslandsbanki hf., kennitala 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi. Ekki verður skipt um vörslufyrirtæki nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og samþykki Fjármálaeftirlitsins.

Fjármunum verðbréfasjóðs skal haldið aðgreindum frá fjármunum vörslufyrirtækis. Vörslufyrirtæki skal tryggja að sala, útgáfa, endurkaup, innlausn og ógilding hlutdeildarskírteina fari samkvæmt lögum og reglum hluteigandi aðila, framfylgja fyrirmælum rekstrarfélags nema þau séu í andstöðu við lög og samþykktir hluteigandi aðila, tryggja að í viðskiptum með eignir verðbréfasjóðs sé endurgjald fyrir þær innt af hendi innan eðlilegra tímamarka, tryggja að tekjum verðbréfasjóðs sé ráðstafað í samræmi við lög og reglur sjóðsins.

Íslandsbanki hf. er fjármálaþyrirtæki skv. lögum nr. 161/2002. Meginstarfsemi bankans er viðskiptabankastarfssemi til einstaklinga og fyrirtækja, lánveitingar og þjónusta við stærri fyrirtæki, markaðsviðskipti, eignafjármögnun og eignastýring. Íslandsbanki hf. má eiga eignarhluti í félögum sbr. reglur 22. og 28. gr. sömu laga.

FJÁRFESTINGARHEIMILDIR VERÐBRÉFASJÓÐA ÍSLANDSSJÓÐA

Verðbréfasjóðir Íslandssjóða byggja fjárfestingarheimildir sínar á F-lið, II. kafla laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði. Lögin í heild sinni má nálgast hjá eignastýringarþjónustu Íslandsbanka, Hagasmára 3, 201 Kópavogi eða hjá Íslandssjóðum hf. á sama stað eða á vef Alþingis www.althingi.is. Til upplýsinga fyrir eigendur hlutdeildarskírteina Verðbréfasjóða Íslandssjóða eða væntanlegra eigenda er II. kafla F um fjárfestingarheimildir að finna á blaðsíðum 36 í útboðslýsingu þessari.

ÁHÆTTA TENGD FJÁRFESTINGU Í VERÐBRÉFASJÓÐUM

Fjárfesting í verðbréfasjóðum felur í sér áhættu, því gengi verðbréfasjóða getur lækkað jafnt sem hækkað. Fjárfesting í verðbréfasjóði er þó áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum vegna þess að sjóður fjárfestir í mörgum verðbréfum og dreifir þannig áhættunni.

Hlutabréfasjóðir eru áhættumeiri en skuldabréfasjóðir. Gengi þeirra er háð mörgum þáttum en þar vega væntingar um afkomu hlutafélaga mjög miklu. Gengi og ávöxtun skuldabréfasjóða er háð þróun markaðsvaxta, því ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði og skuldabréf með háum meðallíftíma falla meira í verði en skuldabréf með lágum meðallíftíma, miðað við sömu breytingar á ávöxtunarkröfu. Skuldabréfasjóðir með háum meðallíftíma falla því meira í verði en sjóðir með lágum meðallíftíma ef ávöxtunarkrafa skuldabréfa hækkar.

Sjóðsdeildum Verðbréfasjóða Íslandssjóða er heimilt að nota afleiður, t.d. til þess að til að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna.

Fjárfestar ættu að hafa í huga að fjárfesting í verðbréfasjóðum er jafnan hugsuð til langs tíma. Verðmæti eignar í sjóði getur á einhverjum tímapunkti verið lægra en það var fyrir á eignartímanum og ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um hver ávöxtun verður í framtíð. Fjárfestar ættu að hafa í huga að hugsanlega fá þeir minna til baka en þeir fjárfesta fyrir í upphafi.

Þá er á það bent að innstæður sjóða um sameiginlega fjárfestingu njóta ekki tryggingarverndar samkvæmt lögum nr. 98/1999 um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta.

ÝMSAR UPPLÝSINGAR

Hvorki stjórnarmenn Íslandssjóða hf. né framkvæmdastjóri Íslandssjóða hf. hafa fengið lán hjá félaginu, né hefur félagið gengist í ábyrgðir fyrir þá. Engir skilmálar eru í gildi um kaup stjórnarmanna og starfsmanna á hlutabréfum í félaginu eða á hlutdeildarskírteinum sjóðsdeilda.

SJÓÐSDEILDIR VERÐBRÉFASJÓÐA ÍSLANDSSJÓÐA

MARKMIÐ, FJÁRFESTINGARSTEFNA, EIGNASAMSETNING, ÁRANGUR, ÁHÆTTUÞÆTTIR O.FL.

Sjóðsdeildir (sjóðir) Verðbréfasjóða Íslandssjóða sækja fjárfestingarheimildir í II. kafla F í lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði.

IS Ríkisskuldabréf meðallöng

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Fjárfestingarstefna: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs, svo sem ríkisbréfum, spariskírteinum, ríkisvíxlum eða skuldabréfum útgefnum af stofnunum ríkissjóðs, svo sem íbúðabréfum og húsbréfum Íbúðalánasjóðs. Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 41. gr laga nr. 128/2011 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga út áhættu eða minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Fjárfestingarheimildir sjóðsins styðjast við ákvæði 38. gr. laga nr. 128/2011.

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Verðbréfaflokkur		Lágm.,%	Hám.,%
Skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	95,6	70	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	20
Afleiður til stöðutöku	0	0	10
Laust fé	4,4		

* 1. nóvember 2018

Traust verðbréf

Á grundvelli 38. greinar laga nr. 128/2011 hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 100% eigna sinna í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð hans, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Áætlaður líftími

Áætlaður meðallíftími eigna IS Ríkisskuldabréfa meðallangra er 4 – 7 ár. Sjóðurinn fjárfestir eingöngu í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs.

Aðferðarfræði

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar

Árangur

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils. Ávöxtun er m.a. háð þróun markaðsvaxta og verðbólgu. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

IS Ríkisskuldabréf meðallöng - Ávöxtun


* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	3,5	5,4	4,1	5,5	4,2

* m.v. 1. nóvember 2018

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	0,8	3,3	2,0	3,5	2,2

* m.v. 1. nóvember 2018

IS Ríkisskuldabréf meðallöng - Ársávöxtun síðustu 5 ára



Raunávöxtun er ávöxtun umfram verðbólgu þ.e. ávöxtun umfram hækkun á viðmiðunarvísitölu, sem í tilvikum Verðbréfasjóða Íslandssjóða er sett fram sem ávöxtun umfram breytingu á vísitölu neysluverðs sem er reiknuð og gefin út af Hagstofu Íslands í hverjum mánuði. Nafnávöxtun er ávöxtun af ákveðinni eign að meðtalinni hækkun vegna verðbólgu.

Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar öllum fjárfestum sem vilja ávaxta fé í tvö ár eða lengur. Meðallíftími skuldabréfaeignar sjóðsins getur verið á bilinu 4 til 7 ár, þannig að gengi sjóðsins er næmt fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu og það lækkað tímabundið.

Fjárfesting í afleiðum

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga út áhættu eða minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Með framvirkum samningum eða skiptasamningum skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum gjalddaga í framtíðinni. Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Í framvirkum samningum og skiptasamningum felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta sem farið er yfir hér í kafla um áhættustig sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Afleiður skulu ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins og notar sjóðurinn einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustöðu sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó. Þar sem sjóðurinn notast við einfalda samninga eru undirliggjandi eignir gerðar upp á markaðsvirði (e. marked-to-market).

Áhættustig sjóðsins

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun markaðsvaxta, því ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fjárfesting í verðbréfasjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar þá veldur það lækkan á eignum sjóðsins og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkan á skuldabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á skuldabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Breytingarnar geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á eignum sjóðsins ef verðmæti þeirra ræðst af aðstæðum á markaði.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn verðbréfa eða peningamarkaðsskjala né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) **Vaxtaáhætta** – Verðbréfasjóður þar sem samsetning eigna er að mestu leiti í skuldabréfum hefur í sér fölgna vaxtaáhættu þar sem breytingar á vöxtum hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa.
- d) **Greiðsluáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiðir ekki á gjalddaga.
- e) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.

- f) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.
- g) **Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla útgefanda verðbréfa** – Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu misserum hefur átt sér stað talsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnsæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur er margir og dreifðir. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda verðbréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefanda hafa víðtækari áhrif en annars myndi verða (e. ripple effect)
- h) **Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- i) **Verðbólguáhætta** – Sjóðurinn fjárfestir að meginstefnu til í verðtryggðum skuldabréfum. Verðtrygging skuldabréfaeignar sjóðsins lágmarkar þá áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu, en telja má að hættan á verðhjöðnun til lengri tíma sé óveruleg.
- j) **Mótaðilaáhætta** – Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í afleiðum og er hætta á því að gagnaðili fjármálagernings uppfylli ekki ákvæði hans.

Ýmsar upplýsingar

Sjóðurinn var stofnaður árið 1990.

Heildareignir 1. nóvember 2018 námu 23.787 m.kr.

Þóknanir, sjá bls. 9.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er að ná sömu ávöxtun og Úrvalsvísitala Kauphallar Nasdaq Iceland með vægisþaki (OMX18 Cap ISK) að teknu tilliti til kostnaðar.

Fjárfestingarstefna: IS Úrvalsvísitölusjóðurinn er vísitölusjóður, sbr. 36. grein laga nr. 128/2011 og fjárfestir í hlutabréfum sem skráð eru í Kauphöll Íslands og skal vægi hvers félags endurspegla vægi þess í Úrvalsvísitölu Kauphallar Nasdaq Iceland með vægisþaki (OMX18 Cap ISK). Sem vísitölusjóður stundar sjóðurinn svokallaða hlutlausu stýringu þ.e. hefur að markmiði að endurspegla Úrvalsvísitölu Kauphallar Nasdaq Iceland. Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum til að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna en að hámarki 10% af heildareignum.

Aðferðarfræði

Stýring sjóðsins byggist á hlutlausri eignaráðstöfun þar sem sjóðurinn endurspeglar samsetningu Úrvalsvísitölu Kauphallar Nasdaq Iceland með vægisþaki. Eignir sjóðsins eru aðlagðar að samsetningu og virði vísitölnnar á hverjum tíma.

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Verðbréfaflokkur	Eign, %*	Lágm.,%	Hám.,%
Innlend hlutabréf	99,9	90	100
Laust fé**	0,1		

* 1. nóvember 2018

**Laust fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins en sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé.

Árangur

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils og er háð þróun hlutabréfaverðs. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn - Ávöxtun


* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	-8,0	-4,2	-4,8	7,9	6,5

* m.v. 1. nóvember 2018

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	-10,5	-6,1	-6,6	5,9	4,5

* m.v. 1. nóvember 2018

IS Úrvalsvísitölusjóðurinn - Ársávöxtun síðustu 5 ára



Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í fimm ár eða lengur og þola miklar verðsveiflur. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni. Þróun síðustu ára sýnir að verð á innlendum hlutabréfum sveiflast mikið og niðursveiflur geta verið langar.

Fjárfesting í afleiðum

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður til að fastsetja hagnað eða til að draga úr áhættu, eða til að festa verð á hlutabréfum vegna fyrirsjáanlegra innlausna eða vegna markaðsaðstæðna enda sé það hluti af eignastýringu sjóðsins. Sjóðurinn notar afleiður í þeim tilgangi að draga úr áhættu eða minnka kostnað. Með notkun afleiðna stefnir sjóðurinn að því að halda fjárfestingum sínum innan fjárfestingarstefnu sjóðsins. Helstu tegundir sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar, þar sem hlutabréf eru keypt eða seld framvirk. Með framvirkum samningi skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi hlutabréf og/eða peningamarkaðsskjöl á ákveðnu verði í framtíðinni. Í framvirkum samningi felst markaðsáhætta og mótaðlaáhætta sem farið er yfir hér í kafla um áhættustig sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Afleiður skulu ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins og notar sjóðurinn einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustöðu sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó. Þar sem sjóðurinn notast við einfalda samninga eru undirliggjandi eignir gerðar upp á markaðsvirði (e. marked-to-market).

Áhættustig sjóðsins

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun á hlutabréfamarkaði. Fjárfesting í verðbréfasjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að

áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Ef verð á hlutabréfum á markaði lækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins og að sama skapi ef verð á hlutabréfum á markaði hækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á hlutabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á hlutabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Breytingarnar geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á eignum sjóðsins ef verðmæti þeirra ræðst af aðstæðum á markaði.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn hlutabréfa né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) **Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla hlutafélaga á markaði** – Íslenskur hlutabréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu misserum hefur átt sér stað talsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnsæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur er margir og dreifðir. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda hlutabréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefanda hafa víðtækari áhrif en annars myndi verða (e. ripple effect). Framangreind lýsing getur átt við um vísitölu aðallista á hverjum tíma en töluverð eignatengsl eru á milli félaga í vísitölu eins og stendur.
- d) **Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- e) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- f) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.

Ýmsar upplýsingar

Sjóðurinn var stofnaður árið 1991.

Heildareignir 1. nóvember 2018 námu 463 m.kr.

Þóknanir, sjá bls. 9.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

IS Ríkisskuldabréf löng

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í íbúðabréfum og húsbrefum, ríkisbréfum, öðrum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Fjárfestingarstefna: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í skuldabréfum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs, svo sem ríkisbréfum, ríkisvixlum eða skuldabréfum útgefnum af stofnunum ríkissjóðs, svo sem íbúðabréfum og húsbrefum Íbúðalánasjóðs. Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga út áhættu eða minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Fjárfestingarheimildir sjóðsins styðjast við ákvæði 38. gr. laga nr. 128/2011.

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Verðbréfaflokkur	Eign, %*	Lágm.,%	Hám.,%
Skuldabréf og vixlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	96,2	70	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	20
Afleiður til stöðutöku	0	0	10
Laust fé	3,8		

* 1. nóvember 2018

Traust verðbréf

Á grundvelli 38. greinar laga nr. 128/2011 hefur Fjármálaeftirlitið heimilað sjóðnum að fjárfesta allt að 100% eigna sinna í skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð hans, enda talið að það samrýmist hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Áætlaður líftími

Áætlaður meðallíftími eigna sjóðsins IS Ríkisskuldabréf löng er 6 – 12 ár. Sjóðurinn fjárfestir eingöngu skuldabréfum útgefnum af ríkissjóði eða með ábyrgð ríkissjóðs.

Aðferðarfræði

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation) með tíðri aðlögun eignasamsetningar.

Fyrri árangur sjóðsins

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils. Ávöxtun er m.a. háð þróun markaðsvaxta og verðbólgu. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

IS Ríkisskuldabréf löng - Ávöxtun


* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Ríkisskuldabréf löng	5,6	7,5	4,8	6,5	4,8

* m.v. 1. nóvember 2018

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Ríkisskuldabréf löng	2,8	5,3	2,8	4,5	2,8

* m.v. 1. nóvember 2018

IS Ríkisskuldabréf löng - Ársávöxtun síðustu 5 ára



Raunávöxtun er ávöxtun umfram verðbólgu þ.e. ávöxtun umfram hækkun á viðmiðunarvísitölu, sem í tilviki Verðbréfasjóða Íslandssjóða er sett fram sem ávöxtun umfram breytingu á vísitölu neysluverðs sem er reiknuð og gefin út af Hagstofu Íslands í hverjum mánuði. Nafnávöxtun er ávöxtun af ákveðinni eign að meðtalinni hækkun vegna verðbólgu.

Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í þrjú ár eða lengur og er mælt með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni. Meðallíftími skuldabréfaeignar sjóðsins getur verið á bilinu 6 til 12 ár, þannig að gengi sjóðsins er næmt fyrir breytingum á ávöxtunarkröfu, sem leiðir til þess að sveiflur geta verið miklar á gengi sjóðsins, en jafnast út þegar til lengri tíma er litið.

Fjárfesting í afleiðum

Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga út áhættu eða minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Með framvirkum samningum eða skiptasamningum skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi verðbréf á ákveðnu verði á ákveðnum gjalddaga í framtíðinni. Sjóðnum er bæði heimilt að eiga viðskipti með skráðar sem óskráðar afleiður enda sé hægt að reikna verðmæti slíkra samninga daglega og einnig skal vera hægt að eiga viðskipti með slíka samninga á líftíma samningsins. Í framvirkum samningum og skiptasamningum felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta sem farið er yfir hér í kafla um áhættustig sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Sjóðurinn notar einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustöðu sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó. Þar sem sjóðurinn notast við einfalda samninga eru undirliggjandi eignir gerðar upp á markaðsvirði (e. marked-to-market).

Áhættustig sjóðsins

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun markaðsvaxta, því ef vextir hækka, falla skuldabréf með föstum vöxtum í verði. Fjárfesting í verðbréfasjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðurinn fjárfestir í. Áhætta vegna fjárfestinga sjóðsins í afleiðum er óveruleg. Dæmi um hugsanlegt tap væri að sjóðurinn hafi fastsett verð með afleiðusamningi, en verðið hugsanlega haldið áfram að hækka og sjóðurinn verði af frekari hækkun. Einnig getur verð undirliggjandi afleiðu lækkað og sjóðurinn orðið fyrir tapi, þar sem hægt væri að kaupa undirliggjandi bréf á hagstæðara verði.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Ef ávöxtunarkrafa á markaði hækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins og að sama skapi ef ávöxtunarkrafa á markaði lækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á skuldabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á skuldabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Breytingarnar geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á eignum sjóðsins ef verðmæti þeirra ræðst af aðstæðum á markaði.
- b) **Seljanleikaáhætta / lausafjáraáhætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn verðbréfa eða peningamarkaðsskjala né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) **Vaxtaáhætta** – Verðbréfasjóður þar sem samsetning eigna er í skuldabréfum að mestu leiti hefur í sér fóligna vaxtaáhættu þar sem breytingar á vöxtum hafa áhrif á verðmyndun skuldabréfa.
- d) **Greiðsluáhætta** – Sú áhætta að útgefandi verðbréfa eða mótaðili greiðir ekki á gjalddaga.
- e) **Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- f) **Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluáðila.
- g) **Áhætta tengd smæð markaðar eða eignatengsla útgefanda verðbréfa** – Íslenskur verðbréfamarkaður er smár í sniðum og á síðustu misserum hefur átt sér stað talsverð samþjöppun á markaði. Því fylgir að kaupendur og seljendur einstakra verðbréfa eru oft fáir og af þeim sökum getur verðmyndun á markaði orðið ógegnisæ og óvirkari en gerast myndi á stærri mörkuðum þar sem kaupendur og seljendur er margir

og dreifðir. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda verðbréfa sem getur leitt til þess að greiðslufall einstakra útgefanda hafa víðtækari áhrif en annars myndi verða (e. ripple effect).

- h) Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- i) Verðbólguáhætta** – Sjóðurinn fjárfestir að meginstefnu til í verðtryggðum skuldabréfum. Verðtrygging skuldabréfaeignar sjóðsins lágmarkar þá áhættu sem fólgin er í hækkandi verðbólgu, en telja má að hættan á verðhjöðnun til lengri tíma sé óveruleg.
- j) Mótaðilaáhætta** – Sjóðurinn hefur heimild til að fjárfesta í afleiðum og er hætta á því að gagnaðili fjármálagernings uppfylli ekki ákvæði hans.

Ýmsar upplýsingar

Sjóðurinn var stofnaður árið 1997.

Heildareignir 1. nóvember 2018 námu 18.876 m.kr.

Þóknanir, sjá bls. 9.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

IS Heimssafn

Markmið og fjárfestingarstefna

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með fjárfestingum í erlendum hlutabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum erlendum hlutabréfum og er stefnt að því að ná hærri ávöxtun en heimsvísitala Morgan Stanley Capital International.

Fjárfestingarstefna: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sem fjárfesta á hlutabréfamörkuðum og uppfylla skilyrði laga um verðbréfasjóði (UCITS-sjóðir), eða hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu (Non-UCITS) innan EES, Bandaríkjanna, Sviss og Ástralíu enda búi þeir við sambærilegt eftirlit og reglur eins og verðbréfasjóðir varðandi innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lántökur og skortsölu. Sjóðnum er ekki heimilt að fjárfesta meira en 30% af eignum í Non-UCITS sjóðum. Einnig er heimilt að ávaxta eignir sjóðsins í skráðum hlutabréfum enda veiti hlutabréfið réttindi í sameiginlegri fjárfestingu. Sjóðnum er þó aðeins heimilt að fjárfesta 20% í einstökum verðbréfasjóðum eða sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Óheimilt er að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða. Jafnan skal sjóðurinn vera fullfjárfestur í hlutdeildarskírteinum og hlutabréfum, en sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 41. gr laga nr. 128/2011 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum til að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna en að hámarki 10% af heildareignum.

Aðferðarfræði

Stýring sjóðsins byggir á markvissri eignaráðstöfun (e. tactical asset allocation).

Eignir í samanburði við fjárfestingarstefnu

Verðbréfaflokkur	Eign, %*	Lág.,%	Hám.,%
Hlutdeildarskírteini	94,1	90	100
Hlutabréf	0	0	10
Laust fé	5,9		

* 1. nóvember 2018

Árangur

Ávöxtun sjóðsins reiknast út frá gengi sjóðsins og liggur fyrir í lok tímabils og er háð þróun hlutabréfaverðs og gengi krónunnar. Hafa ber hugfast að ávöxtun í fortíð er ekki vísbending um ávöxtun í framtíð.

IS Heimssafn - Ávöxtun

* Nafnávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Heimssafn	9,5	11,0	2,2	3,3	3,6


* m.v. 1. nóvember 2018

* Raunávöxtun á ársgrundvelli (%)	1 ár	2 ár	3 ár	4 ár	5 ár
IS Heimssafn	6,6	8,8	0,2	1,3	1,6

* m.v. 1. nóvember 2018

Raunávöxtun er ávöxtun umfram verðbólgu þ.e. ávöxtun umfram hækkun á viðmiðunarvísitölu, sem í tilvikum Verðbréfasjóða Íslandssjóða er sett fram sem ávöxtun umfram breytingu á vísitölu neysluverðs sem er reiknuð og gefin út af Hagstofu Íslands í hverjum mánuði. Nafnávöxtun er ávöxtun af ákveðinni eign að meðtalinni hækkun vegna verðbólgu.

IS Heimssafn - Ársávöxtun síðustu 5 ára



Munurinn á Verðbréfasjóðum UCITS og sjóðum um sameiginlega fjárfestingu Non-UCITS

Munurinn á Verðbréfasjóðum (UCITS) og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu (Non-UCITS) er sá að UCITS sjóði er heimilt að markaðssetja og selja á Evrópska efnahagssvæðinu (EES), þ.e. þeir hafa svokallaða Evrópupassa og uppfylla því tiltekin lágmarksskilyrði tilskipunar Evrópusambandsins nr. 85/611/EB. Non-UCITS sjóðir eru annað hvort sjóðir innan EES sem uppfylla ekki skilyrði tilskipunarinnar eða eru staðsettir utan EES svæðisins. Heimssafni er aðeins heimilt að fjárfesta í Non-UCITS sjóðum innan EES, Bandaríkjana, Sviss og Ástralíu og verða þeir auk þess að búa við sambærilegt eftirlit og reglur eins og verðbréfasjóðir varðandi innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lántökur og skortsölu. Non-UCITS sjóðir hafa yfirleitt rýmri fjárfestingarheimildir heldur en UCITS sjóðir og geta því verið áhættumeiri. Með hliðsjón af því eru takmörk á því hversu hátt hlutfall af eignum sjóðsins mega vera í Non-UCITS sjóðum auk þess sem reglur og takmörk um innlausnir, vörslufyrirtæki, lán, lántökur og skortsölu þurfa að vera sambærilegar. Heildarfjárfestings IS Heimssafns má ekki fara yfir 30% í Non-UCITS sjóðum.

Fyrir hvern er sjóðurinn?

Sjóðurinn hentar fjárfestum sem vilja ávaxta fé í fimm ár eða lengur og þola miklar verðsveiflur í von um hærri ávöxtun. Mælt er með því að sjóðurinn sé hluti af stærra verðbréfasafni. Þróun síðustu ára sýnir að verð á erlendum hlutabréfum sveiflast mikið og niðursveiflur geta verið langar.

Fjárfesting í afleiðum

Sjóðnum er heimilt að nota afleiður til að draga úr áhættu, eða til að festa verð á hlutabréfum vegna fyrirjáanlegra innlausna eða vegna markaðsaðstæðna enda sé það hluti af eignastýringu sjóðsins. Sjóðurinn notar afleiður í þeim tilgangi að draga úr áhættu eða minnka kostnað. Með notkun afleiðna stefnir sjóðurinn að því að halda fjárfestingum sínum innan fjárfestingarstefnu sjóðsins. Helstu tegundir sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar, þar sem hlutabréf eru keypt eða seld framvirkt. Með framvirkum samningi skuldbindur sjóðurinn sig til að eiga viðskipti með undirliggjandi hlutabréf, hlutdeildarskírteina í sjóðum og/eða peningamarkaðsskjöl á ákveðnu verði í framtíðinni. Í framvirkum samningi felst markaðsáhætta og mótaðilaáhætta sem farið er yfir hér í kafla um áhættustig sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að eiga viðskipti með afleiður við gagnaðila sem lúta eftirliti Fjármálaeftirlitsins.

Afleiður skulu ekki vera meira en 10% af hreinni eign sjóðsins og notar sjóðurinn einfalda aðferðarfræði við beitingu afleiðna. Með því er átt við að afleiðustaða sjóðsins er umbreytt í samsvarandi stöðu í þeim undirliggjandi eignum sem felast í viðkomandi afleiðum. Tekið er mið af áhættu eignasafns sjóðsins í heild sinni þ.e. brúttó. Þar sem sjóðurinn notast við einfalda samninga eru undirliggjandi eignir gerðar upp á markaðsvirði (e. marked-to-market).

Áhættustig sjóðsins

Fjárfesting í sjóðasjóði eins og IS Heimssafni sem fjárfestir í öðrum verðbréfasjóðum getur verið áhættuminni en fjárfesting í sjóði sem fjárfestir beint í einstökum hlutabréfum þar sem áhættudreifing sjóðasjóða er að jafnaði meiri. Það felst í því að skv. 39. gr. Laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði þurfa sjóðasjóðir að dreifa fjárfestingum sínum á a.m.k. 5 aðra sjóði og þurfa þeir sjóðir jafnframt að dreifa áhættu sinni skv. tilteknum reglum, þannig er áhættudreifing sjóðasjóða eins og IS Heimssafns mikil.

Sjóðurinn leitast við að dreifa fjárfestingum sínum þannig að það dragi úr sveiflum á gengi sjóðsins vegna markaðsaðstæðna. Fjárfesting í sjóðnum felur í sér áhættu. Gengi sjóðsins getur lækkað jafnt sem hækkað. Einnig er gengi og ávöxtun sjóðsins háð þróun á hlutabréfamarkaði. Fjárfesting í verðbréfasjóði um sameiginlega fjárfestingu er að jafnaði áhættuminni en fjárfesting í einstökum verðbréfum. Rétt er þó að hafa það hugfast að áhætta fylgir fjárfestingum í verðbréfasjóðum, þannig getur eignarhlutdeild í verðbréfasjóði rýrnað, aukist eða staðið í stað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra verðbréfa sem sjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt fjárfestingarstefnu sinni. Áhætta vegna fjárfestinga sjóðsins í afleiðum er óveruleg, þar sem innan við 10% af sjóðnum má binda í afleiðum. Dæmi um hugsanlegt tap væri að sjóðurinn hafi fastsett verð með afleiðusamningi, en verðið hugsanlega haldið áfram að hækka og sjóðurinn verði af frekari hækkun. Einnig getur verð undirliggjandi afleiðu lækkað og sjóðurinn orðið fyrir tapi, þar sem hægt væri að kaupa undirliggjandi bréf á hagstæðara verði.

Áhættuþættir sem hafa áhrif á verðmæti eignarhlutar í sjóðnum

- a) **Markaðsáhætta** – Ef verð á hlutabréfum á markaði lækkar þá veldur það lækkun á eignum sjóðsins og að sama skapi ef verð á hlutabréfum á markaði hækkar þá veldur það hækkun á eignum sjóðsins þ.e. markaðsáhætta. Margvísleg atvik geta valdið verðlækkun á hlutabréfum og þar með haft áhrif á gengi sjóðsins. Meðal þeirra þátta sem hefur mikil áhrif á verð á hlutabréfum eru breytingar á framboði og eftirspurn á eignum sjóðsins þar sem markaðsverð eigna sjóðsins ákvarðast af því hvar framboð og eftirspurn mætast. Breytingarnar geta haft áhrif til hækkunar eða lækkunar á eignum sjóðsins ef verðmæti þeirra ræðst af aðstæðum á markaði.

- b) Seljanleikaáhætta / lausafjárahætta** – Ávallt er fyrir hendi sú áhætta að ekki sé unnt að selja verðbréf þegar nauðsynlegt er að selja til að mæta innlausnum eða til að bregðast við breyttum aðstæðum á markaði. Áhættan felst í því að markaðurinn hvorki kaupir né selur það magn hlutabréfa né á því verði sem til stendur að selja á þar sem t.d. kaupendur eru fáir eða hreinlega ekki til staðar.
- c) Áhætta vegna eignatengsla hlutafélaga á markaði** – Erlendir og alþjóðlegir hlutabréfamarkaðir eru stórir í sniðum miðað við íslenska hlutabréfamarkaðinn. Engu að síður er ekki hægt að útiloka að eignatengsl félaga á mörkuðum geti haft áhrif á verðmyndun hlutabréfa á viðkomandi markaði. Einnig geta eignatengsl verið á milli útgefanda hlutabréfa sem getur leitt til þess að vandamál eða erfiðleikar einstakra félaga hafi víðtækari áhrif en annars myndi verða (e. ripple effect).
- d) Ytri aðstæður** – Ýmis atvik, svo sem ófyrirséðir atburðir og almennt efnahagsástand geta haft áhrif á verðmyndun á verðbréfamarkaði. Einnig getur ný eða breytt löggjöf Alþingis, reglur eða reglugerðir sem stjórnvöld setja og skyndilegar breytingar á viðskiptaháttum haft veruleg áhrif á eignarhluti verðbréfasjóða.
- e) Uppgjörsáhætta** – Sú áhætta að greiðsla í greiðslukerfi gerist ekki upp með sama hætti og vænst var til, vegna þess að mótaðili greiðir eða afhendir ekki á réttum tíma.
- f) Vörsluáhætta** – Sú áhætta sem er fólgin í því að eignir í vörslu geta tapast vegna gjaldþrots, vanrækslu eða sviksamlegra athafna að hálfu vörsluaðila.
- g) Önnur atriði** – Athygli fjárfesta er vakin á því að þar sem sjóðurinn bindur fjárfestingar sínar ekki við fjárfestingar í sjóðum sem fjárfesta í tilteknum atvinnugreinum og fjárfestir í hlutabréfum sem skráð eru í kauphöllum í hinum ýmsu löndum heimsins hvað varar landfræðilega legu og markaðssvæði, felst mat á áhættuþáttum m.a. í mati sjóðsstjóra á þessum atriðum hverju sinni.

Ýmsar upplýsingar

Sjóðurinn var stofnaður árið 1999.

Heildareignir 1. nóvember 2018 námu 833 m.kr.

Þóknanir, sjá bls. 9.

Lágmarksfjárhæð viðskipta er 10.000 kr. og 5.000 kr. í áskrift.

REGLUR FYRIR VERÐBRÉFASJÓÐI ÍSLANDSSJÓÐA

I. kafli - Heiti, tegund, deildaskipting og hlutverk

1. grein

Sjóðurinn heitir **Verðbréfasjóðir Íslandssjóða** og starfar í sex aðgreindum sjóðsdeildum (sjóðum). Sjóðurinn er verðbréfasjóður og starfar skv. lögum nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestingsjóði og sækir fjárfestingarheimildir í II. kafla fyrrnefndra laga. Deildir sjóðsins heita:

IS Ríkisskuldabréf meðallöng , kt. 540489-5569

IS Úrvalsvisitölusjóðurinn, kt. 540489-5809

IS Ríkisskuldabréf löng , kt. 540489-6459

IS Heimssafn, kt. 510699-9049

Sjóður 1 – Skuldabréf, kt. 540489-5059

Sjóður 11 – Löng skuldabréf, kt. 540489-6379

2. grein

Tilgangur með rekstri deilda sjóðsins er að veita viðtöku fé frá almenningi og fagfjárfestum til sameiginlegrar fjárfestingar í fjármálagerningum á grundvelli áhættudreifingar samkvæmt kunngerðri fjárfestingastefnu.

II. kafli: Markmið og fjárfestingarstefna

3. grein

3.1. IS Ríkisskuldabréf meðallöng

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með því að fjárfesta í ríkisskuldabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Fjárfestingarstefna: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs, svo sem ríkisbréfum, spariskírteinum, ríkisvíxlum eða skuldabréfum útgefnum af stofnunum ríkissjóðs, svo sem íbúðabréfum og húsbúðabréfum íbúðalánasjóðs. Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga út áhættu eða minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Fjármálaeftirlitið hefur heimilað IS Meðallöngum ríkisskuldabréfum að nýta sér heimild 38. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta að hámarki 100% af heildareignum í skuldabréfum útgefnum af Ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð hans.



Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Verðbréfaflokkur	Lágm.,%	Hám.,%
Skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	70	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	20
Afleiður til stöðutöku	0	10

3.2. IS Úrvalsvisitölusjóðurinn

Markmið sjóðsins er að ná sömu ávöxtun og Úrvalsvisitala Kauphallar Nasdaq Iceland. með vægispaki (OMX18 Cap ISK) að teknu tilliti til kostnaðar.

Fjárfestingarstefna: IS Úrvalsvisitölusjóðurinn er visitölusjóður, sbr. 36. grein laga nr. 128/2011 og fjárfestir í hlutabréfum sem skráð eru í Kauphöll Íslands hf. og skal vægi hvers félags endurspegla vægi þess í Úrvalsvisitölu Kauphallar Nasdaq Iceland með vægispaki (OMX18 Cap ISK). Sem visitölusjóður stundar sjóðurinn svokallaða “passíva stýringu” þ.e. hefur að markmiði að endurspegla Úrvalsvisitölu Kauphallar Nasdaq Iceland með vægispaki (OMX18 Cap ISK). Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum til að lágmarka áhættu og fastsetja hagnað vegna verðsveiflna en að hámarki 10% af heildareignum.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Verðbréfaflokkur	Lágm.,%	Hám.,%
Innlend hlutabréf	90	100

3.3. IS Ríkisskuldabréf löng

Markmið sjóðsins er langtímahækkun eigna með fjárfestingum í íbúðabréfum, húsbréfum, ríkisbréf, öðrum skuldabréfum með ábyrgð ríkissjóðs eða öðrum fjármálagerningum tengdum skuldabréfum.

Fjárfestingarstefna: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í skuldabréfum og víxlum útgefnum af eða með ábyrgð ríkissjóðs, svo sem ríkisbréfum, ríkisvíxlum eða skuldabréfum útgefnum af stofnunum ríkissjóðs, svo sem íbúðabréfum og húsbréfum Íbúðalánasjóðs. Sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er einnig heimilt að fjárfesta allt að 10% í afleiðum bæði sem hluta af áhættustýringu, til að draga út áhættu eða minnka kostnað, og sem hluta af fjárfestingarstefnu sinni. Helstu tegundir afleiðna sem sjóðurinn notar eru framvirkir samningar eða skiptasamningar. Fjármálaeftirlitið hefur heimilað IS Löngum ríkisskuldabréfum að nýta sér heimild 38. gr. laga nr. 128/2011 til að fjárfesta að hámarki 100% af heildareignum í skuldabréfum útgefnum af Ríkissjóði Íslands eða með ábyrgð hans.



Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Verðbréfaflokkur	Lágm.,%	Hám.,%
Skuldabréf og víxlar útgefin af eða með ábyrgð ríkissjóðs	70	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	20
Afleiður til stöðutöku	0	10

3.4. IS Heimssafn

Markmið sjóðsins er langtíma hækkun eigna með fjárfestingum í erlendum hlutabréfum eða öðrum fjármálagerningum tengdum erlendum hlutabréfum og er stefnt að því að ná hærri ávöxtun en heimsvísitala Morgan Stanley Capital International.

Fjárfestingarstefna: Eignir sjóðsins skulu ávaxtaðar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða, sem fjárfesta á hlutabréfamörkuðum og uppfylla skilyrði laga um verðbréfasjóði (UCITS-sjóðir), eða hlutdeildarskírteinum sjóða um sameiginlega fjárfestingu innan EES eða í Bandaríkjunum, Sviss og Ástralíu enda búi þeir við sambærilegt eftirlit og reglur eins og verðbréfasjóðir varðandi innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lántökur og skortsölu. Einnig er heimilt að ávaxta eignir sjóðsins í skráðum hlutabréfum enda veiti hlutabréfið réttindi í sameiginlegri fjárfestingu. Sjóðnum er þó aðeins heimilt að fjárfesta 20% í einstökum verðbréfasjóðum eða sjóðum um sameiginlega fjárfestingu. Óheimilt er að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða sem fjárfesta meira en 10% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða. Jafnan skal sjóðurinn vera fullfjárfestur í hlutdeildarskírteinum og hlutabréfum, en sjóðnum er heimilt, skv. 2. mgr. 31. gr. laga nr. 128/2011, að eiga til skamms tíma allt að 10% í lausu fé séu markaðsaðstæður ekki heppilegar til fjárfestinga vegna fjár sem hefur fengist með sölu hlutdeildarskírteina eða vegna sölu eigna sjóðsins. Framangreint fé er ekki hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins. Jafnframt er sjóðnum heimilt skv. 2. mgr. 41. gr. laga nr. 128/2011 að taka skammtímalán til að mæta innlausnum. Slík lán mega ekki nema meira en 10% af heildareignum sjóðsins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta í afleiðum til að lágmarka áhættu vegna verðsveiflna en að hámarki 10% af heildareignum.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Verðbréfaflokkur	Lágm.,%	Hám.,%
Hlutdeildarskírteini	90	100
Hlutabréf	0	10

3.5. Sjóður 1 - skuldabréf

Vegna aðstæðna sem hafa skapast á fjármálamörkuðum frá upphafi októbermánaðar 2008, sem leiddi m.a. til setningar laga nr. 125/2008, ákváðu Íslandssjóðir hf. að skipta eignum sjóðsins í tvo flokka, flokk 1A og flokk 1B. Flokki 1B var í framhaldinu slitið, eignir seldar og greiddar út. Til stóð að Flokkur 1A myndi starfa áfram en vera lokaður fyrir innlausn til 30. janúar 2010. Í ljósi núverandi markaðsaðstæðna hefur verið tekin ákvörðun um að slíta Flokki 1A þar sem mikil óvissa er umverðmat og seljanleika hluta eigna sjóðsins. Þeir fjárfestar sem veittu skriflegt samþykki sitt í janúar 2009 fluttust yfir í flokk 1A en allir aðrir fjárfestar fluttust sjálfkrafa yfir í flokk 1B. Í júlí 2009 gafst þeim hlutdeildarskírteinishöfum sem enn voru í flokk 1A kost á að flytja hluta eða alla eign sína úr flokki 1A yfir í flokk 1B gegn skriflegri beiðni. Skipting á eignum sjóðsins milli flokka 1A og 1B skal vera hlutfallsleg miðað við fjölda útgefinna eininga í hvorum flokki þannig að þess verði gætt að eignasamsetning hvors flokks verði óbreytt.



Uppgjör á flokki 1B

Engar innlausnir verða úr flokki 1B og hefur honum verið slitið. Laust fé og andvirði ríkisbréfa hefur verið greitt inn á innlánsreikninga sjóðsfélaga í samræmi við hlutfallslega eign þeirra. Aðrar eignir flokksins verða greiddar á sama hátt eftir því sem þær fást greiddar uns engar eignir verða eftir í eignasafni flokksins. Íslandssjóðir hf. greiddu að eign frumkvæði inn á innlánsreikninga hlutdeildarskírteinishafa hjá Íslandsbanka hf.

Uppgjör á flokki 1A

Engar innlausnir verða úr flokki 1A og verður honum slitið. Laust fé og andvirði ríkisbréfa verður greitt inn á innlánsreikninga sjóðsfélaga þegar í stað í samræmi við hlutfallslega eign þeirra. Aðrar eignir flokksins verða greiddar á sama hátt eftir því sem þær fást greiddar uns engar eignir verða eftir í eignasafni flokksins. Íslandssjóðir hf. munu að eign frumkvæði greiða inn á innlánsreikninga hlutdeildarskírteinishafa hjá Íslandsbanka hf. Íslandssjóðir hf. skulu hlutast til um að stofnaðir verði innlánsreikningar hjá Íslandsbanka fyrir hlutdeildarskírteinishafa sem ekki eiga nú þegar innlánsreikninga hjá bankanum.

Markmiðið með þessari aðgerð er að tryggja jafnræði allra hlutdeildarskírteinishafa á þann hátt að allir hlutdeildarskírteinishafar fái greitt hlutfallslega úr sjóðum í samræmi við eign sína.

Reglubreyting þessi er gerð á grundvelli 2. mgr. 11. gr. laga nr. 128/2011.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Verðbréfaflokkur	Viðmið, %	Lágm., %	Hám., %
Ríkisskuldabréf	10	0	40
Skuldabréf fyrirtækja	45	25	80
Skuldabréf banka og sparisjóða	30	10	50
Önnur skuldabréf	10	0	30
Hlutabréf	5	0	10
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	50

3.6. Sjóður 11 - Löng skuldabréf

Vegna aðstæðna sem hafa skapast á fjármálamörkuðum frá upphafi októbermánaðar 2008, sem leiddi m.a. til setningar laga nr. 125/2008, ákváðu Íslandssjóðir hf. að skipta eignum sjóðsins í tvo flokka, flokk 11A og flokk 11B. Flokki 11B var í framhaldinu slitið, eignir seldar og greiddar út. Til stóð að Flokkur 11A myndi starfa áfram en vera lokaður fyrir innlausn til 30. janúar 2010. Í ljósi núverandi markaðsaðstæðna hefur verið tekin ákvörðun um að slíta Flokki 11A þar sem mikil óvissa er um verðmat og seljanleika hluta eigna sjóðsins. Þeir fjárfestar sem veittu skriflegt samþykki sitt í janúar 2009 fluttust yfir í flokk 11A en allir aðrir fjárfestar fluttust sjálfkrafa yfir í flokk 11B. Í júlí 2009 gafst þeim hlutdeildarskírteinishöfum sem enn voru í flokk 11A kost á að flytja hluta eða alla eign sína úr flokki 11A yfir í flokk 11B gegn skriflegri beiðni. Skipting á eignum sjóðsins milli flokka 11A og 11B skal vera hlutfallsleg miðað við fjölda útgefinna eininga í hvorum flokki þannig að þess verði gætt að eignasamsetning hvors flokks verði óbreytt.

Uppgjör á flokki 11B

Engar innlausnir verða úr flokki 11B og hefur honum verið slitið. Laust fé og andvirði ríkisbréfa var greitt inn á innlánsreikninga sjóðsfélaga í samræmi við hlutfallslega eign þeirra. Aðrar eignir flokksins verða greiddar á sama hátt eftir því sem þær fást greiddar uns engar eignir verða eftir í eignasafni flokksins. Íslandssjóðir hf. greiddu að eign frumkvæði inn á innlánsreikninga hlutdeildarskírteinishafa hjá Íslandsbanka hf.

Handwritten signatures and initials:
 JMB
 11B
 JTB

Uppgjör á flokki 11A

Engar innlausnir verða úr flokki 11A og verður honum slitið. Laust fé og andvirði ríkisbréfa verður greitt inn á innlánsreikninga sjóðsfélaga þegar í stað í samræmi við hlutfallslega eign þeirra. Aðrar eignir flokksins verða greiddar á sama hátt eftir því sem þær fást greiddar uns engar eignir verða eftir í eignasafni flokksins. Íslandssjóðir hf. munu að eigin frumkvæði greiða inn á innlánsreikninga hlutdeildarskírteinishafa hjá Íslandsbanka hf. Íslandssjóðir hf. skulu hlutast til um að stofnaðir verði innlánsreikningar hjá Íslandsbanka fyrir hlutdeildarskírteinishafa sem ekki eiga nú þegar innlánsreikninga hjá bankanum.

Markmiðið með þessari aðgerð er að tryggja jafnræði allra hlutdeildarskírteinishafa á þann hátt að allir hlutdeildarskírteinishafar fái greitt hlutfallslega úr sjóðum í samræmi við eign sína

Reglubreyting þessi er gerð á grundvelli 2. mgr. 11. gr. laga nr. 128/2011.

Sundurliðun fjárfestingaheimilda

Verðbréfaflokkur	Viðmið, %	Lágm., %	Hám., %
Skuldabréf banka, fyrirtækja og önnur skuldabréf	60	30	100
Skuldabréf sveitarfélaga	20	0	80
Skuldabréf með ábyrgð ríkissjóðs	20	0	100
Innlán fjármálafyrirtækja	0	0	10

III. kafli: Ráðstöfun tekna, útgáfa, innlausnarvirði og innlausn

4. grein

Allar deildir sjóðsins eru vaxtarsjóðir, þ.e. vextir, vaxtavextir, arður og aðrar tekjur leggjast við höfuðstól.

5. grein

Allir sem eiga hlutdeild í sjóðsdeild eiga jafnan rétt til tekna og eigna hennar í hlutfalli við hlutdeild sína.

Íslandssjóðir hf. gefa út skilríki fyrir eignarréttindum í sjóðsdeild í formi hlutdeildarskírteina, óski eigandi eftir því, sem eru staðfesting á tilkalli til verðbréfaeignar deildarinnar sbr. 23. gr. laga 128/2011.

6. grein

Íslandssjóðum hf. er skylt að innleysa hlutdeildarskírteini sjóðsdeildar að öllu leyti (full innlausn) eða að hluta (hlutainnlausn), óski eigandi þess, á auglýstu kaupgengi í sjóðsdeildinni. Nær innlausnarskyldan til allra hlutdeildarskírteina í deildinni, óháð því hvenær þau hafa verið gefin út. Eigandi hlutdeildarskírteinis getur krafist innlausnar hvenær sem hann óskar þess. Þó er heimilt að fresta innlausn hlutdeildarskírteina mæli sérstakar ástæður með því og hagsmunir eigenda hlutdeildarskírteina krefjast þess. Frestun gæti til dæmis komið til vegna tímabundinnar lokunar kauphallar þar sem verulegur hluti eigna sjóðsins er skráður þannig að ekki reynist unnt að staðreyna innlausnarvirði hlutdeildarskírteina. Einnig gæti sjóðsdeild staðið frammi fyrir svo miklum kröfum um innlausn að ekki væri unnt að mæta þeim nema með sölu eigna á lengri tíma. Frestun skal vera almenn og taka til allra hlutdeildarskírteina. Frestun á innlausn skal þegar tilkynnt Fjármálaeftirlitinu og auglýst opinberlega. Við kaup á hlutum í sjóðsdeild Verðbréfasjóða Íslandssjóða er gefin út bráðabirgðakvittun sem einungis tilgreinir þá fjárhæð sem keypt er fyrir, enda er sölugengi ekki þekkt fyrr en deginum eftir að kaupin áttu sér stað. Uppgjör viðskipta með IS Ríkisskuldabréf meðallöng, IS Úrvalsvísitölusjóðinn og IS Ríkisskuldabréf löng eru á (T+2) og IS Heimssafn eru á (T+3). Nánari upplýsingar um tilhögun viðskipta og viðmiðunartíma viðskipta er að finna í útboðslýsingu.

Engar innlausnir verða úr flokki 1A og 1B í Sjóði 1 og flokki 11A og 11B í Sjóði 11 sbr. 3. gr. reglnanna.



7. grein

Innlausnarvirði eininga í sjóðsdeild er markaðsvirði samanlagðra eigna deildarinnar að frádregnum skuldum, svo sem við innlánsstofnanir, ógreiddum innheimtu- og umsjónarkostnaði og reiknuðum áföllnum opinberum gjöldum. Markaðsvirði eigna sem eftir stendur skal þá skipt m.v. hlutdeild í sjóðsdeildinni sbr. 5. grein. Frá eignum sjóðsdeildar skal þá draga umsjónarlaun og í mismun sem þannig fæst er deilt með fjölda útgefinna og óinnleysta eininga í sjóðsdeildinni til þess að finna innlausnarvirði hverrar einingar.

Markaðsvirði eigna sjóðsdeilda skal á hverjum tíma endurspegla raunverulegt virði þeirra að teknu tilliti til markaðsaðstæðna. Fjármálagerningar sem skráðir eru á skipulegum verðbréfamarkaði skulu metnir samkvæmt dagslokagengi viðkomandi markaðar. Virði annarra fjármálagerninga er háð mati rekstrarfélags, undir eftirliti vörslufélags og endurskoðanda, að teknu tilliti til markaðsaðstæðna hverju sinni.

IV. kafli: Vörslufyrirtæki, rekstrarfélag, umsjónarlaun og markaðssetning

8. grein

Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er vörslufyrirtæki Verðbréfasjóða Íslandssjóða, sbr. C-lið II. kafla laga nr. 128/2011 og sér um varðveislu og umsjá fjármálagerninga sjóðsins samkvæmt samkomulagi þar um. Ekki verður skipt um vörslufyrirtæki nema fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og samþykki Fjármálaeftirlitsins.

9. grein

Íslandssjóðir hf., 690694-2719, Hagasmára 3, 201 Kópavogi, er rekstrarfélag Verðbréfasjóða Íslandssjóða skv. 27. gr. laga nr. 161/2002, sbr. B-lið II. kafla laga nr. 128/2011. Í því felast m.a. fjárfestingar í samræmi við fjárfestingastefnu og umsýsla, þ.e. útreikningur á innlausnarvirði, eftirlit, viðhald skrár yfir eigendur hlutdeildarskírteina o.fl.

Umsjónarlaun til Íslandssjóða hf. fyrir rekstur deilda Verðbréfasjóða Íslandssjóða er ákveðinn hundradshluti á ári sem reiknast af meðalstöðu eigna. Verði árangur við ávöxtun Heimssafns umfram viðmiðunarvísitölu reiknast 10% af þeim árangri sem árangurstengd umsjónarlaun, þó er hámark umsjónarlauna 2,5%:

<u>Tafla 2:</u>	<u>Umsjónarlaun:</u>
Sjóður 1 – skuldabréf	1,0%
IS Ríkisskuldabréf meðallöng	0,9%
IS Úrvalsvísitölusjóðurinn	0,4%
IS Ríkisskuldabréf löng	0,9%
Sjóður 11 – löng skuldabréf	0,8%
IS Heimssafn (lágmarkskostnaður)	1,5%

Beinn útlagður kostnaður vegna rekstrar Verðbréfasjóða Íslandssjóða er ekki innifalinn í umsjónarlaunum, né heldur gjald vegna Fjármálaeftirlitsins (FME). Íslandssjóðir hf. geta krafist sjóðsdeildir um endurgreiðslu kostnaðar svo sem vegna kauphallar fjármálakerfa, annarra en eignastýringarkerfis, áskriftar að verðbréfavísitölum, hugbúnaðar, lögfræðikostnaðar, kostnaðar við prentun útboðslýsinga og ársreikninga.

D.
SKB
TB
JTB

10. grein

Verðbréfasjóðir Íslandssjóða er verðbréfasjóður í skilningi 1. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 128/2011 og hefur sem slíkur starfsleyfi á Evrópska efnahagssvæðinu. Markaðssetning á Evrópska efnahagssvæðinu utan Íslands er þó háð undanfarandi tilkynningar til Fjármálaeftirlitsins og eftirlitsaðila í því landi þar sem markaðssetning er fyrirhuguð sbr. 48. gr. laga nr. 128/2011. Íslandssjóðir hafa ekki tilkynnt um markaðssetningu Verðbréfasjóða Íslandssjóða utan Íslands.

V. kafli: Samruni, slit, breyting á reglum

11. grein

Starfsemi sjóðsins verður ekki hætt, deildum lokað, nýjum deildum bætt við sjóðinn eða deild sameinuð annarri sjóðsdeild nema að fyrir liggja samþykki stjórnar Íslandssjóða hf. og staðfesting Fjármálaeftirlitsins á breytingum á reglum sem leiða af sameiningu, fjölgun deilda eða lokun.

Við lokun deildar skulu hlutdeildarskírteini sjóðsins innkölluð með opinberri innköllun og eigendum hlutdeildarskírteina tilkynnt um lokun hans. Skulu hlutdeildarskírteinin innleyst jafnskjótt og eignum deildarinnar hefur verið komið í verð. Skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá innlausn sína greidda út í samræmi við í hlutfallslega eign þeirra í sjóðnum.

Við sameiningu deildar við aðra sjóðsdeild skulu eigendur hlutdeildarskírteina fá einingar í sameinaðri sjóðsdeild í hlutfalli við eign sína og eigendum tilkynnt um sameininguna. Eigendur hlutdeildarskírteina skulu þó hafa a.m.k. 30 daga frá því að slík tilkynning hefur verið send, til að innleysa hlutdeildarskírteini sín samkvæmt reglum viðkomandi sjóðsdeildar, áður en hlutdeildarskírteini í sameinaðri sjóðsdeild eru gefin út.

12. grein

Stjórn Íslandssjóða hf. setur reglur þessar og getur breytt þeim á lögmætum stjórnarfundum ef meirihluti stjórnarmanna er samþykkur og að fengnu leyfi Fjármálaeftirlitsins. Breytingarnar skulu tilkynntar eigendum með bréfi eða með rafrænum hætti.

D.
2013
HTB
JRK

VI. kafli: Upplýsingar


13. grein

Íslandssjóðir hf. skulu birta endurskoðaðan ársreikning og árshlutareikning fyrir félagið, sem inniheldur sérgreindar upplýsingar um sjóðsdeildir Verðbréfasjóða Íslandssjóða í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Jafnframt skal gefa út útboðslýsingu og lykilupplýsingar þar sem komi fram nauðsynlegar upplýsingar til að fjárfestum sé kleift að meta kosti fjárfestinga í Verðbréfasjóðum Íslandssjóða í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma.

Kópavogi, 6. desember 2018

Stjórn Íslandssjóða hf.



Jensína Kristín Böðvarsdóttir



Kristján Björgvinsson



Sigurður B. Stefánsson



Tanya Zharov

ÚTDRÁTTUR ÚR LÖGUM NR. 128/2011 UM VERÐBRÉFASJÓÐI, FJÁRFESTINGARSJÓÐI OG FAGFJÁRFESTASJÓÐI

II. kafli F: Fjárfestingarheimildir verðbréfasjóða

30. gr. Fjármálagæringar og innlán.

Fjárfestingarheimildir samkvæmt þessum kafla taka til verðbréfasjóðs eða, sé hann deildaskiptur skv. 12. gr., til einstakra deilda hans. Verðbréfasjóði er eingöngu heimilt að binda fé sitt í eftirtöldu:

- Framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgæringum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:
 - hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilgreiningu laga um kauphallir,
 - ganga kaupum og sölum á öðrum markaði innan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan, og/eða
 - hafa verið skráð eða tekin til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins eða ganga kaupum og sölum á öðrum markaði í ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins sem er opin almenningi, starfar reglulega, lýtur opinberu eftirliti og er viðurkenndur með þeim hætti sem Fjármálaeftirlitið metur gildan.
- Nýútgefnum verðbréfum, enda sé í skilmálum vegna útgáfu þeirra skuldbinding um að sótt verði um skráningu verðbréfanna á skipulegum verðbréfamarkaði skv. 1. tölul. Skráning verðbréfa samkvæmt þessu ákvæði skal fara fram eigi síðar en 180 dögum frá útgáfu þeirra.
- Hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða. Einnig er heimilt að fjárfesta í skírteinum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu enda sýni verðbréfasjóðir fram á það með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að þeir lúti sambærilegu eftirliti og verðbréfasjóðir, samstarf Fjármálaeftirlitsins og lögbærri yfirvalda heimaríkis sjóðsins sé tryggt með fullnægjandi hætti, vernd hlutdeildarskírteinishafa sé tryggt með sambærilegum hætti og í verðbréfasjóðum, einkum er varðar innlausnarrétt, vörslufyrirtæki, lánveitingar, lántökur og skortsölu, og gefin sé út ársskýrsla og árshlutauppgjör að minnsta kosti á sex mánaða fresti. Óheimilt er að fjárfesta í verðbréfasjóðum og öðrum sjóðum um sameiginlega fjárfestingu sem fjárfesta, samkvæmt reglum sínum, meira en 10% eigna sinna í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða eða hlutdeildarskírteinum eða hlutabréfum annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu.
- Innlánum fjármálaafyrirtækja sem hafa staðfestu í ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins. Þó er verðbréfasjóði heimilt að binda fé í innlánum fjármálaafyrirtækja með staðfestu utan Evrópska efnahagssvæðisins sýni hann fram á með fullnægjandi hætti að mati Fjármálaeftirlitsins að fjármálaafyrirtækin búi við sambærilegar reglur um áhættu og eftirlit og gilda innan Evrópska efnahagssvæðisins. Innlán samkvæmt þessum tölulíð verða að vera endurgreiðanleg að kröfu innlánsseiganda með að hámarki tólf mánaða binditíma.
- Afleiðum sem skráðar eru á skipulegum verðbréfamarkaði samkvæmt skilyrðum 1. tölul. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins.
- Afleiðum utan skipulegra verðbréfamarkaða. Viðmið afleiðna skulu vera fjárfestingarheimildir samkvæmt þessari grein, verðbréfavísitölur, vextir, gengi erlendra gjaldmiðla eða gjaldmiðlar sem verðbréfasjóðnum er heimilt að fjárfesta í samkvæmt ákvæðum reglna sjóðsins. Gagnaðilar verðbréfasjóðs í slíkum afleiðuvíðskiptum skulu lúta eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt. Verðmæti slíkra samninga skal vera unnt að reikna daglega með áreiðanlegum hætti. Tryggt skal að hægt sé að selja slíka samninga samdægurs á raunvirði hverju sinni.
- Peningamarkaðsgæringum sem viðskipti eru með utan skipulegra verðbréfamarkaða.

31. gr. Aðrar eignir.

Þrátt fyrir ákvæði 30. gr. er verðbréfasjóði heimilt að binda sem svarar allt að 10% af eignum sínum í óskráðum framseljanlegum verðbréfum og peningamarkaðsgæringum.

Verðbréfasjóði er óheimilt að eiga meira en 10% í reiðufé eða auðseljanlegum eignum á hverjum tíma, nema slíkt sé til hagsbóta fyrir hlutdeildarskírteinishafa. Slíkar eignir mega þó ekki vera hluti af fjárfestingarstefnu sjóðsins.

Verðbréfasjóður getur óskað eftir heimild Fjármálaeftirlitsins til að eiga meira en 10% í reiðufé eða seljanlegum eignum.

32. gr. Yfirtaka eigna og hrávörur.

Verðbréfasjóði er heimilt án takmarkana að yfirtaka eignir til að tryggja fullnustu kröfu. Eignirnar skulu seldar jafnsjótt og það er talið hagkvæmt og eigi síðar en innan níu mánaða frá yfirtöku eignanna. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að veita lengri frest sé það í þágu hagsmuna hlutdeildarskírteinishafa.

Verðbréfasjóði er óheimilt að fjárfesta í hrávörum eða heimildarskírteinum fyrir þeim.

33. gr. Eftirlit með áhættu.

Rekstrarfélög skulu hafa yfir að ráða eftirlitskerfi sem gerir þeim kleift að vakta, meta og stýra áhættu einstakra eigna og eignasafns verðbréfasjóða á hverjum tíma. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um slíkt eftirlitskerfi.

34. gr. Afleiðuviðskipti.

Verðbréfasjóði er ávallt skylt að eiga hæfilegar og nægjanlega verðmætar eignir á móti metnu hámarkstapi af afleiðu. Til grundvallar slíku mati skal taka mið af verðmæti undirliggjandi eigna, mótaðilaáhættu, ytri aðstæðum á fjármálamörkuðum og þeim tíma sem það tekur að fullnusta eða selja viðkomandi afleiðusamning.

Verðbréfasjóði er heimilt að eiga viðskipti með afleiður svo fremi sem samanlögð áhætta afleiðna og undirliggjandi eigna sé undir þeim mörkum sem um getur í 35. gr. Eftirlitskerfi skv. 33. gr. skal meta með fullnægjandi hætti virði afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða.

Verðbréfasjóðir skulu gera Fjármálaeftirlitinu reglulega grein fyrir afleiðuviðskiptum sínum í því formi sem Fjármálaeftirlitið ákveður.

Viðskipti með afleiður mega ekki verða til þess að verðbréfasjóður víki frá fjárfestingarstefnu sinni eins og hún er sett fram í reglum sjóðsins og útboðslýsingu.

Ef verðbréf eða peningamarkaðsgerningur felur í sér afleiðu skal tekið mið af því þegar kröfur samkvæmt þessari grein eru uppfylltar.

35. gr. Hámark fjárfestingar í framseljanlegum verðbréfum og innlánnum sama útgefanda.

Verðbréfasjóði er óheimilt að binda:

1. meira en 10% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum útgefnum af sama útgefanda, eða
2. meira en 20% af eignum sínum í innlánnum sama fjármálafyrirtækis.

Mótaðilaáhætta vegna afleiðna utan skipulegra verðbréfamarkaða má ekki vera umfram:

1. 10% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða fjármálafyrirtæki utan þess sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt,
2. 5% af heildareignum sjóðs þegar mótaðili er annar en fjármálafyrirtæki skv. 1. tölul., en lýtur þó eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Fjárfesti verðbréfasjóður meira en 5% í verðbréfum útgefnum af sama útgefanda skal samtala slíkra fjárfestinga ekki fara yfir 40% af eignum sjóðsins. Við útreikning samtölu skal ekki litið til innlána hjá fjármálafyrirtæki eða afleiðna sem gerðar eru utan skipulegra verðbréfamarkaða þegar mótaðili er fjármálafyrirtæki sem lýtur eftirliti sem Fjármálaeftirlitið metur gilt.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr. má heildarfjárfesting í viðskiptum við sama aðila, í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum og afleiðusamningum utan skipulegra verðbréfamarkaða, samtals ekki fara yfir 20% af eignum sjóðsins.

Þrátt fyrir ákvæði 1. tölul. 1. mgr. er verðbréfasjóði heimilt að binda allt að 35% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sem eitt eða fleiri ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins eða sveitarfélög þeirra, alþjóðlegar stofnanir, sem eitt eða fleiri þessara ríkja eru aðilar að, eða ríki utan Evrópska efnahagssvæðisins gefa út eða ábyrgjast. Fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfunni má ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs. Ekki skal tekið tillit til verðbréfa samkvæmt þessari málsgrein þegar reiknuð er samtala fjárfestinga skv. 3. mgr.

Takmarkanir skv. 1.–5. mgr. er óheimilt að leggja saman. Verðbréfasjóði er því óheimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í verðbréfum, peningamarkaðsgerningum, innlánnum eða afleiðum sama útgefanda eða 35% af verðbréfum og peningamarkaðsgerningum sama útgefanda, sbr. 5. mgr.

Aðilar sem teljast til sömu samstæðu skulu teljast einn aðili við útreikning samkvæmt þessari grein.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af aðilum tengdum rekstrarfélaginu eða móðurfélagi þess, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Samanlögð eign sjóðsins í verðbréfum útgefnum af öðrum tengdum aðilum, sbr. lög um fjármálafyrirtæki, skal ekki vera meiri en 20% af eign sjóðsins.

Traust verðbréf skv. 38. gr. eru undanþegin ákvæðum 8. og 9. mgr.

Um skyldu rekstrarfélaga til þess að tengja saman aðila fer eftir lögum um fjármálafyrirtæki.

36. gr. *Vísitölusjóðir.*

Þrátt fyrir ákvæði 35. gr. er verðbréfasjóði heimilt að fjárfesta allt að 20% af eign sjóðsins í hlutabréfum eða skuldabréfum sama útgefanda ef markmið fjárfestingarstefnu samkvæmt reglum sjóðsins er að endurspegla tiltekna hlutabréfa- eða skuldabréfavisitölu. Vísitalan skal hafa fullnægjandi áhættudreifingu, birt opinberlega og endurspegla viðkomandi markað með fullnægjandi hætti.

Fjármálaeftirlitið getur hækkað heimild skv. 1. mgr. í 35% ef vægi eins útgefanda í vísitölunni er meira en 20%. Fjárfesting yfir 20% er aðeins leyfð í hlutabréfum eða skuldabréfum eins útgefanda.

37. gr. *Peningamarkaðssjóðir.*

Fjárfestingarheimildir peningamarkaðssjóða takmarkast af 35. gr.

Peningamarkaðssjóði er eingöngu heimilt að fjárfesta í peningamarkaðsgerningum eins og þeir eru skilgreindir í lögum þessum, afleiðum tengdum þessum gerningum og innlánnum, sbr. 4. tölul. 30. gr.

Hámarkslíftími einstakra verðbréfa skal ekki vera lengri en 397 dagar og meðallíftími eignasafns peningamarkaðssjóðs má að hámarki vera 180 dagar.

38. gr. *Traust verðbréf.*

Fjármálaeftirlitið getur heimilað verðbréfasjóði að binda allt að 100% af eignum sínum í verðbréfum og peningamarkaðsgerningum skv. 5. mgr. 35. gr. telji Fjármálaeftirlitið það samrýmanlegt hagsmunum eigenda hlutdeildarskírteina.

Fjárfestingar verðbréfasjóðs skv. 1. mgr. skulu dreifast á að minnsta kosti sex mismunandi verðbréfaútgáfur og má fjárfesting í einni og sömu verðbréfaútgáfu ekki nema hærrí fjárhæð en sem svarar til 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Skýrt skulu koma fram í reglum verðbréfasjóðs og útboðslýsingu þau ríki, sveitarstjórnir eða alþjóðastofnanir sem gefa út eða ábyrgjast verðbréf eða peningamarkaðsgerninga sem sjóðurinn hyggst fjárfesta í skv. 1. mgr.

39. gr. *Fjárfestingar í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða.*

Verðbréfasjóði er heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þó skal verðbréfasjóður ekki binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða.

Heildarfjárfesting verðbréfasjóðs í hlutdeildarskírteinum fjárfestingarsjóða má ekki fara yfir 30% af eignum verðbréfasjóðs.

Verðbréfasjóði eða einstakri deild hans er óheimilt að fjárfesta meira en 50% af eign sinni í hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóða og fjárfestingarsjóða innan sama rekstrarfélags.

40. gr. *Takmarkanir á eignasafni.*

Verðbréfasjóði er óheimilt að eignast meira en:

1. 10% af hlutabréfum án atkvæðisréttar í einstöku hlutafélagi,
2. 10% af skuldaskjölum einstakra útgefanda verðbréfa, þó aldrei umfram 25% í hverri útgáfu,
3. 25% af hlutdeildarskírteinum verðbréfasjóðs og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu,
4. 10% af peningamarkaðsgerningum einstakra útgefanda.

41. gr. *Lán og ábyrgðir.*

Verðbréfasjóði er óheimilt að veita lán eða ganga í ábyrgð fyrir aðra, sbr. þó heimildir skv. 30. gr. Þó er heimilt að veita verðbréfalán sem hluta af eðlilegri áhættustýringu. Fjármálaeftirlitinu er heimilt að setja nánari reglur um verðbréfalán verðbréfasjóða.

Verðbréfasjóði er óheimilt að taka önnur lán en skammtímalán til að standa straum af innlausn hlutdeildarskírteina. Slík lán mega ekki nema meira en svarar 10% af eignum sjóðsins eða einstakra deilda innan hans.

42. gr. *Skortsala.*

Verðbréfasjóði er óheimilt að selja fjármálagerninga sem ekki eru í eigu hans á þeim tíma sem sala þeirra fer fram.

43. gr. Ráðstafanir til úrbóta.

Fari fjárfesting verðbréfasjóðs fram úr leyfilegum mörkum samkvæmt lögum þessum skal Fjármálaeftirlitinu án tafar tilkynnt um það og skulu þegar gerðar ráðstafanir til úrbóta og skal lögmæltu hámarki í síðasta lagi náð innan þriggja mánaða. Fjármálaeftirlitið getur þó í einstökum tilvikum heimilað lengri frest enda sé það augljóslega í þágu eigenda hlutdeildarskírteina.